


Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

gjörir kunnugt.

Að hér með staðfestist skipulagsskrá fyrir **Hollvinasjóð Bifrastar**, sem fest er hér við og geymd er hjá sýslumanninum á Sauðárkróki í staðfestu ljósriti.

F. h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 23.06.2014.



Lára Kristín Gísladóttir



Staðfesting
á skipulagsskrá fyrir Hollvinasjóð Bifrastar.

Gjald kr.7.500,-

Skipulagsskrá fyrir Hollvinasjóð Bifrastar.

1. gr.

Hollvinasjóður Bifrastar er stofnaður samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá. Heimili hans og varnarþing er í Borgarbyggð.

2. gr.

Sjóðurinn skal heita Hollvinasjóður Bifrastar.

Sjóðurinn er stofnaður af Hollvinasamtökum Bifrastar kt. 480269-4039, í tilefni af þeirri ákvörðun háskólastjórnar í desember 2010 að Háskólinn á Bifröst verði áfram rekinn sem sjálfstæður háskóli og öflugur skólastarfi verði framhaldið á Bifröst.

3. gr.


Tilgangur hollvinasjóðsins er að efla og auka veg Háskólans á Bifröst m.a. með því að leggja skólanum til fjármagn til skilgreindra ákveðinna verkefna

- i. í fyrstu til átaks í viðhaldi á fasteignum skólans.
 - a) Skilgreint fyrsta verkefni sjóðsins er viðhald á eldra húsnæði skólans, hátíðarsal og Kringlu, sem skipt verður niður í hæfilega verkþætti sem fjáröflun sjóðsins ræður við hverju sinni, allt í samráði við stjórn skólans og stjórnendur.
 - b) Takist farsælega til um verkefnið væri næsta verkefni mögulega elsta heimavistarhúsið.

Þegar aðalfundur Hollvinasamtaka Bifrastar hefur metið átaki í viðhaldi fasteigna lokið skal sjóðurinn

- ii. veita styrki til mikilsverðra rannsóknaverkefna, sem háskólastjórn mælir einróma með sem tímamótaverkefnum og unnin eru af kennurum og/eða nemendum við Háskólann á Bifröst ásamt til tækjakaupa sem nauðsynleg eru verkefnum og öflugur skólastarfi,
- iii. veita viðurkenningar til nemenda sem ná eftirtektarverðum árangri við útskrift,
- iv. veita viðurkenningar til útskrifaðra nemenda frá Háskólanum á Bifröst og fyrirrennara hans sem unnið hafa þjóðhagslega mikilsvert starf, s.s. á sviði félagsmála og/eða menningarmála,

Qui H.
FTD



- v. að veita kennurum við skólann viðurkenningu sem með starfi sínu hafa með sérstökum hætti aukið veg og virðingu Háskólans á Bifröst,
- vi. veita aðrar viðurkenningar, samkvæmt ákvörðun stjórnar hollvinasjóðsins, til Bifrestinga fyrir sérstök störf, þótt þau séu ekki tilgreind sérstaklega hér að framan.

4. gr.

Stofnfé Hollvinasjóðs Bifrastar er 1.100.000, ellefu hundruð þúsund krónur, sem kemur frá félögum í Hollvinasamtökum Bifrastar. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða bankastofnanir annist vörslu stofnfjár og viðbótarframlaga í sjóðinn, og er henni heimilt að fjárfesta í ríkistryggðum skuldabréfum til lengri tíma en í sjóðum sem fjárfesta til skemmri tíma í ríkistryggðum bréfum og bréfum með ábyrgð banka. Sjóðsstjórn ber að leitast við að fjármunir sjóðsins varðveitist og ávaxtist með eins tryggilegum hætti og unnt er hverju sinni.

5. gr.

Gjafafé og öll önnur framlög í sjóðinn, s.s. það sem hollvinir afla með viðskiptum sínum við verslanir og fyrirtæki sem samið hefur verið við í því skyni, verður ásamt vaxtatekjum ráðstöfunarfé Hollvinasjóðs Bifrastar.

6. gr.

Stjórn Hollvinasjóðs Bifrastar skal skipuð þremur mönnum til þriggja ára í senn. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn, við lok kjörtímabils, kjósa nýja stjórn. Varastjórn skal skipuð með sama hætti. Stjórnarstörf skulu vera ólaunuð. Stjórn hollvinasjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil sjóðsins frá stofnun hans til næstu áramóta. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á aðalfundi Hollvinasamtaka Bifrastar hverju sinni, og skulu endurskoðendur Hollvinasamtaka Bifrastar jafnframt annast endurskoðun á reikningum Hollvinasjóðs Bifrastar. Reikningar sjóðsins, áritaðir af stjórn og endurskoðendum, skulu fyrir 30. júní ár hvert sendir til Ríkisendurskoðunar, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1988.

7. gr.

Úthlutun úr Hollvinasjóði Bifrastar skal fara fram samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Stjórninni er heimilt að auglýsa eftir hugmyndum um styrkveitingar innan vébanda Hollvinasamtaka Bifrastar og meðal kennara og nemenda í Háskólanum á Bifröst. Úthlutun skal samþykkt af öllum stjórnarmönnum.

Qui to.
PTJ

Stjórnin skal rita nákvæmar fundargerðir um starfsemi sjóðsins, þar sem m.a. skulu koma fram ákvarðanir stjórnar um hverjir fá úthlutað úr sjóðnum og hvaðan gjafir og önnur framlög til hans berast.

8. gr.

Stjórn Hollvinasjóðs Bifrastar skal haga svo úthlutun úr sjóðnum að stofnfé hans haldist ávallt óskert.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari hjá sýslumanninum á Sauðárkróki, sem annast framkvæmd laga nr. 19/1988, með síðari breytingum, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sama á við ef samþykktar verða breytingar á stofnskránni á aðalfundi Hollvinasamtaka Bifrastar.

10. gr.

Verði Hollvinasjóður Bifrastar lagður niður skal ákvörðun þar um vera samþykkt á aðalfundi Hollvinasamtaka Bifrastar, og skal það fjármagn sem þá verður í sjóðnum renna til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða. Komi til slita á sjóðnum skal áður leita samþykkis sýslumannsins á Sauðárkróki, sbr. 6. gr. laga nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr.19/1988.

Reykjavík, 21. maí 2014

Stjórn Hollvinasjóðs Bifrastar

Ólafur H. Þorsteinsson
050243-3629

formaður

Ólafur Þorsteinsson
gjaldkeri 2587453119

Ólafur Þorsteinsson
140463-2569
ritari

Vottar:

Ólafur Þorsteinsson 260445-4349
Katrín Þorsteinsson 240565-4639

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sauðárkróki, 23.06.2014

F.h.s



Lara Kristín Gísladóttir